



ÁSLANDSSKÓLI - FRÉTTABLAÐ

# FLÓRGOÐINN

## Í ÁSLANDSSKÓLA Í 10 ÁR

### Samvinna

Áslandsskóli tók til starfa haustið 2001 og í nóvember árið eftir tók ég við starfi skólastjóra. Íslensku menntasamtökin höfðu rekið skólann fyrsta árið en Hafnarfjarðarbær tók síðan yfir reksturinn haustið 2002.

Fljótlega var tekið til við að móta þá skólastefnu sem Áslandsskóli starfar eftir í dag, grunn að skólastefnu sem hefur í raun verið í mótun og þróun allar götur síðan. Að þeirri vinnu komu nokkrir af þáverandi starfsmönnum skólans, foreldrar auk stjórnenda skólans. Ljóst var að í þeirri hugmyndafræði sem Íslensku menntasamtökin lögðu upp með var margt sem við gátum nýtt okkur, skipulagt eilítið betur og aðlagað að þeirri reynslu sem þeir sem að vinnunni komu bjuggu yfir. Að ýmsu var að hyggja eins og að móta skólareglur, skólabrag og það skólaumhverfi sem við vildum sjá í Áslandi. Í því sambandi má nefna hornstoðirnar fjórar, vinna með allar dygðir, hnattrænn skilningur, þjónusta við samfélagið og að gera allt framúrskarandi vel. Þær stoðir eru í dag þær sömu og lagt var upp með haustið 2001.

Þá höfum við einnig haft sama skólaheiti í Áslandsskóla frá upphafi: Ég heiti því að koma fram við aðra eins og ég vil að aðrir komi fram við mig. Ég vil leggja mig fram um að

bera virðingu fyrir sjálfum mér og öðrum.

Haustið 2004 hófum við undirbúning að SMT skólafærni í Áslandsskóla og var sú færni innleidd ári síðar. SMT starfið miðar að því að styrkja jákvæða hegðun og fækka neikvæðum hegðunartilvikum. Vinna við SMT í Áslandsskóla hefur tekist framúrskarandi vel allt frá upphafi og verið í sífelldri þróun og endurskoðun. Skólinn varð síðan fyrsti sjálfstæði SMT skóli Hafnarfjarðar skólaárið 2010-2011.

Frá upphafi hefur verið lögð áhersla á að fylgjast vel með líðan nemenda. Við endurskipulagningu skólans á öðru ári hans var mikil áhersla lögð á að stoðþjónusta yrði öflug. Þannig hefur teymi stjórnenda, sérkennara, námsráðgjafa, skólasálfræðings, hjúkrunarfræðings og um tíma prests starfað ötullega að velferð nemenda í Áslandsskóla.

Tvívegis á skólaárinu leggjum við fyrir könnun um líðan nemenda í öllum árgöngum. Unnið er úr niðurstöðum og í kjölfarið gerðar aðgerðaráætlanir.

Í samráði við foreldra var ákveðið að taka upp skólafatnað haustið 2003. Hefur notkun skólafatnaðar verið nokkuð misjöfn síðan en yngstu árgangarnir eru duglegastir að mæta í skólafötum í skólann. Leitað hefur verið lausna á fatnaði fyrir eldri

nemendur með misjöfnum árangri. Er það miður því skólafatnaður setur ákveðinn heildarsvip á nemendahópinn og mótar betur liðsheild nemenda skólans.

Skólamáltíðir hafa verið frá upphafi skólahalds í Áslandsskóla og alla tíð verið starfrækt skólaeldhús hér innanhúss. Það er okkur geysilega mikilvægt að elda matinn sjálf hér í skólanum þannig fáum við betri, hollari og fjölbreyttari mat auk þess sem rekstur skólaeldhússins hjá okkur er til fyrirmyndar.

Mörg þróunarverkefni hafa einnig fest rætur í skólastarfinu. Má þar nefna Brosbókina sem er sjálfsmatsbók nemenda á eigin frammistöðu. Þar meta nemendur ýmsa þætti ásamt foreldrum, kennari metur sömu þætti og svo setja nemendur sér ný markmið. Námsmatsmappan þar sem nemendur safna þeim verkefnum og matsblöðum sem liggja til grundvallar námsmati. PALS lestrarþjálfun sem verið hefur í gangi síðustu tvö árin og kennarar fengið þjálfun í að nota. Einnig ýmsar gerðir sérkennsluprófa en þau eru flest þannig gerð að viðkomandi kennarar þurfa sérstök leyfi og sérstaka kunnáttu til að geta notað þau og unnið úr þeim. Á þessu skólaári höfum við síðan verið að vinna að sérstöku þróunarverkefni um námsmat í skólanum. Höfum við til

Kæru viðtakendur

Þetta tölublað Flórgoðans er gefið út af því tilefni að 1. nóvember 2012 eru 10 ár liðin síðan Leifur S. Garðarsson tók við starfi skólastjóra Áslandsskóla.

Þess fengið utanaðkomandi ráðgjöf frá Menntavísindasviði Háskóla Íslands.

Ýmislegt mætti nefna sem sérstöðu Áslandsskóla eða þætti sem aukin áhersla hefur verið lögð á í okkar skóla. Aukin áhersla á lífsleikni þar sem unnið er með dygð hvers mánaðar og fjórar hornstoðir skólans hefur ávallt verið stór þáttur í skólalífinu. Vikulega koma nemendur saman á sal skólans til morgunstunda. Alltaf er frábært að sjá nemendur koma saman með sinni deild eða alla nemendur skólans á sal þar sem fjallað er um dygðir með leik, söng, upplestri, myndasýningum eða hverju því birtingarformi sem nemendum þykir henta. Morgunstundirnar hafa líka þroskað nemendur í því að koma fram, flytja mál sitt en ekki síður læra að hlusta á aðra og sýna þeim virðingu og kurteisi.

Tungumálanám hefur ávallt verið í hávegum hér í fjallinu. Við höfum byrjað enskunám strax í fyrsta bekk ásamt því að dönskukennsla hefur einnig hafist mun fyrr en alla jafna tíðkast. Frábært hefur verið að sjá jákvætt viðhorf nemenda til beggja tungumálanna og því jafn ljóst að kennslan vekur áhuga nemenda á viðfangsefninu.

Við höfum einnig lagt okkur fram um að nemendur fái að kynnst sem flestum samnemendum sínum og starfsfólki skólans, fái notið sín í ólíkum hópum, stórum sem smáum. Þessu tengt skiptum við alla jafna upp bekkjum eftir að fjórða og sjöunda bekk lýkur.

Með auknum nemendafjölda höfum við þróað valgreinar í unglingsdeild og er árlega boðið upp á nýjungar á því sviði. Má þar t.d. nefna útivistarval sem hófst á síðasta skólaári og vakti mikla lukku. Í þeirri valgrein fara nemendur í göngu-,

veiði- og fjallaferðir ásamt því að læra ýmislegt er tengist útivist. Sumar valgreinar eru alltaf í boði, enda vinsælar, og má þar nefna heimilisfræði og myndmennt.

Áslandsskóli hefur reglulega tekið þátt í alþjóðlegu samstarfi, aðallega í gegnum svokallaðan Comeniusarstyrk frá Alþjóðaskrifstofu háskólastigsins. Í tengslum við slíkt samstarf höfum við fengið góðar heimsóknir og kennarar héðan farið margar ferðir erlendis. Þá hafa nemendur okkar sent frá sér skemmtileg verkefni sem yfirleitt tengjast sögu og menningu lands og þjóðar.

Bæði nemendur og starfsfólk hafa verið dugleg að heimsækja önnur lönd til að víkka sjóndeildarhringinn. Þannig hafa nemendur farið í heimsókn til Danmerkur í tengslum við dönskunám sitt undir forystu dönskukennara og starfsfólki skólans heimsótt skóla í Glasgow í Skotlandi, Minneapolis í Bandaríkjunum og Helsinki í Finnlandi.

Fjöldi góðra gesta hefur heimsótt Áslandsskóla á þessum 10 árum. Sú stærsta án efa þegar Frederik André Henrik Christian krónprins Dana kom í heimsókn í skólanna ásamt konu sinni Mary Donaldson og forsetahjónunum Ólafi Ragnari og Dorrit Moussaieff. Af því tilefni var klukkustundar dagskrá á sal skólans sem öll fór fram á dönsku og var flutt af nemendum og starfsfólki skólans. Skólastjóra hlotnaðist síðan sá heiður að snæða kvöldverð með gestunum og fleira góðu fólki á Bessastöðum þetta sama kvöld, þar sem Áslandsskóli var lofaður í bak og fyrir.

Mikill fjöldi skólafólks hefur einnig heimsótt skólann í tengslum við SMT starfið okkar og fleiri atriði er tengjast skólstarfinu. Heimsóknir

þessar eru ánægjulegar og gaman að geta kynnt það góða starf sem hér er unnið fyrir gestum og gangandi.

Menningardagar eru ein stærsta vikan í skólstarfinu ár hvert. Þá er skólstarfið brotið upp og nemendur vinna margvísleg verkefni í tengslum við þema menningardaga. Unnið hefur verið með ýmiss konar þema, nýtt á hverju ári, og má þar nefna bækur, tónlist, umhverfisvitund og endurvinnslu, villta vestrið og heilsu og hreyfingu. Mikill fjöldi gesta kemur árlega á opið hús í tengslum við menningardaga og má þar sjá foreldra, systkini, ömmur og afa, frændur og frænkur í hópi gesta. Einnig er alltaf ánægjulegt að sjá útskrifaða nemendur heimsækja gamla skólann sinn við þetta tilefni.

Á síðasta skólaári var frumfluttur nýr skólasöngur Áslandsskóla. Fyrri skólasöngur var erlent lag við texta Áslaugar Brynjólfsdóttur en nýi skólasöngurinn er hafnfirskur í alla staði. Lagið samdi Haraldur Freyr Gíslason, trommuleikari og leiksskólakennari, en textann sá er þetta ritar. Hljómsveitin Pollapönk frumflutti skólasönginn á tónleikum í tilefni af 10 ára afmæli skólans.

Frá upphafi hefur rík áhersla verið lögð á upplýsingastreymi milli skólans og heimila nemenda. Fréttabréfið Flórigoðinn hefur komið út frá árinu 2002, yfirleitt um eitt blað í hverjum skólamánuði að meðaltali. Þá hefur vefur skólans, [www.aslandsskoli.is](http://www.aslandsskoli.is), verið uppfærður reglulega með nýjustu upplýsingum, fréttum, myndum og ýmsu því sem tengist skólasamfélaginu hér í Áslandsskóla. Lykilstaður upplýsingaöflunar er samt sem áður okkar öfluga bókasafn.

Á undanförunum skólaárum höfum við nýtt betur umhverfi skólans og farið af stað með útikennslu í nokkrum árgöngum, enda var slíkt hluti af upphaflegri skólastefnu Áslandsskóla. Við rætur Ásfjalls erum við t.d. að byggja upp okkar eigið svæði og höfum gróðursett þar plöntur í framtíðar kennslulundi skólans.

Ýmsar hefðir hafa fest rætur í skólanum í gegnum tíðina. Má þar nefna útileikjadag í september, fullveldisratleik sem haldinn hefur verið í kringum 1. desember, jólaskeytingadag í byrjun aðventu, styrkveitingu til Mæðrastyrksnefndar Hafnarfjarðar fyrir jól ár hvert og norræna skólahlaupið þar sem allt skólasamfélagið reimar á sig hlaupaskóna og hleypur mismunandi vegalengdir.

Þá má nefna að skólahúsið okkar lýtur þeim lögmálum að vera byggt af einkaaðilum og leigt til sveitarfélagsins. Samstarfið við þá aðila varðandi rekstur, viðhald og lagfæringar ýmiss konar hefur verið framúrskarandi gott.

## Ábyrgð

Þegar ég tók við starfi skólustjóra voru nemendur rúmlega 100 talsins. Í dag er nemendafjöldi kominn yfir 500 og nálgast sjötta hundraðið.

Samskipti skólustjóra og nemenda eru eflaust með mismunandi hætti eftir stærð skóla, skólabrag og fleiri þáttum. Þá hefur breyttur tíðarandi í rekstri, skýrslugerð ýmiss konar og pappírsvinnu því miður þau áhrif að þau draga úr möguleikum á daglegum samskiptum skólustjóra og nemenda.

Samskipti skólustjóra og nemenda í Áslandsskóla eru almennt með jákvæðum og skemmtilegum hætti.

Margir þeirra koma við á skrifstofu minni til ýmissa viðræðna og ljóst að sú Grýla sem oft á tíðum er gerð í tengslum við hinn almenna skólustjóra stendur höllum fæti. Ég hef reyndar stundum velt því fyrir mér hver fann uppá slíkri vitleysu í skólustarfi að skólustjórinn ætti að vera ógnvaldur í augum nemenda og hann notaður sem hótun ef viss atriði eru ekki unnin eða framkvæmd. Ég hef til að mynda lagt mig fram um að snæða hádegisverð með nemendum frammi í matsal skólans og hefur það reynst ómetanleg og fræðandi stund í dagsins önn. Þá hefur verið geysilega gaman að hitta fyrrum nemendur skólans sem eru útskrifaðir héðan á förnum vegi og taka spjall um hvernig farnast hefur eftir skólagöngu í Áslandsskóla. Hvort heldur sem er í fiskbúðinni eða líkamsræktarsalnum er alltaf jafn skemmtilegt þegar nemendur kasta kveðju og spyrja út í gamla skólann sinn. Það sýnir að nemendur fara héðan í flestum tilvikum sælir og glaðir með fjársjóð minninga úr ferðum í Sælingsdal eða Hróftjörð og skólustarfinu almennt.

Á undanförunum tveimur skólaárum hafa nemendur átt tvo fulltrúa í skólaráði skólans skv. nýjum grunnskólalögum og hafa þeir fulltrúar staðið sig framúrskarandi vel við að koma sjónarmiðum nemenda á framfæri við stjórn skólans.

## Tillitssemi

Áslandsskóli hefur ávallt haft á að skipa framsæknu og metnaðargjörn starfsfólki. Haustið 2002 var hlutfall þeirra starfsmanna sem sáu um almenna og verklega kennslu og höfðu tilskilin kennsluréttindi aðeins 36%. Þó má ekki gera lítið úr framlagi þeirra sem ruddu brautina

og störfuðu hér undir því mikla álagi sem fylgir því að móta skólustarf.

Í dag, líkt og undanfarin misseri, er hlutfall kennara með kennsluréttindi 100%. Það er lán Áslandsskóla hversu öflugt lið starfsmanna starfar hér, starfsmannavelta er núorðið mjög lítil og fjölmargir sýnt skólanum áhuga ef störf losna.

Starfsandi hefur verið eitt af lykilatriðum í öflugu starfi skólans. Stór fjöldi starfsmanna hleypur t.a.m. í Reykjavíkumaraþoni, ýmisst heilt maraþon, hálf t. eða 10 kílómetra. Slíkt stuðlar vissulega að auknum metnaði starfsmanna og aukinni hreyfingu. Gaman hefur verið að sjá það verkefni vaxa og dafna en innan við 10 starfsmenn hlupu fyrsta árið. Fjöldinn hefur aukist jafnt og þétt en flestir hafa hlaupararnir verið rúmlega 40 talsins.

Starfsfólk Áslandsskóla temur sér hugarfar liðsheildar. Við berum öll ábyrgð á því að ná árangri – við berum öll ábyrgð á því að Áslandsskóli verði áfram í fremstu röð. Við sýnum því öll sveigjanleika og fjölbærni og gerum okkur grein fyrir því að það getur tekið samstarfsmenn smá tíma að aðlagast hugmyndum. Við sýnum gagnkvæma virðingu, berum ábyrgð á starfsandanum og því að vera samvinnufús. Í Áslandsskóla vinnum við saman. Í Áslandsskóla erum við samtaka og samheldin.

Við erum metnaðargjörn við að leita eftir endurmenntun, við sættum okkur við velgengni félaga okkar og tökum heiðurinn til hópsins. Við kunnum að styðja, rýna til gagns og greina aukaatriði frá aðalatriðum. Við sýnum frumkvæði, þorum að taka skynsamlega áhættu, deilum fúslega upplýsingum og þekkingu og tökum á erfiðum málum því við óttumst ekki tilfinningar. Við reiknum með heiðarleika samstarfsmanna okkar.

Í Áslandsskóla viljum við hafa þægilegt og óþvingað andrúmsloft. Við erum ólíkir, hæfileikaríkir einstaklingar sem tökumst á við daglegt skólastarf af raunsæi og þrautsegju.

## Traust

Allt frá upphafi hefur öflugt foreldrastarf verið ómetanlegt í starfi Áslandsskóla. Strax á fyrstu dögum mínum í starfi skólastjóra var leitað til foreldra við mótun skólastefnu og ýmsa aðra vinnu. Það samstarf hefur síðan vaxið og dafnað og óhætt að segja að foreldrastarf og samskipti heimilis og skóla séu til fyrirmyndar.

Öflug tenging heimila og skóla eru nauðsynleg. Ein helstu rökin fyrir því að foreldrar tengist skólum náði byggjast á niðurstöðum fjölda rannsókna að þátttaka foreldra og áhugi hafi veruleg áhrif á námsgengi barna. Foreldrum er annþing um að börn sín taki framförum í námi og foreldrar þurfa einnig að fá að vita hvaða forsendur liggja að baki þegar frammistaða barna þeirra er metin. Hver sem bakgrunnur foreldra kann að vera er samstarf við þá auðlind sem Áslandsskóli hefur allt frá upphafi talið skynsamlegt að virkja. Nauðsynlegt er að slíku samstarfi séu sett skýr markmið og það einkennist af trausti, jákvæðni, bjartsýni og virðingu. Þannig skapar það verulega möguleika á að hafa jákvæð áhrif á skólastarfið.

Því hefur þátttaka foreldra í menntandi og þroskandi

viðfangsefnum á heimilinu og í skólanum mikil áhrif á námsárangur barna. Það að t.d. lesa með eða fyrir börnin, sjá þeim fyrir bókum, sækja fundi er tengjast námi þeirra og starfi í skólanum ásamt þátttöku í námsferðum eru allt hlutir sem hægt er að finna sig í. Þátttaka í skólakynningum, námskeiðum sem boðið er uppá eða einfaldlega að merkja við í lestrarbókina, allt hefur þetta áhrif til betri vegar.

Samvinna stjórnar foreldrafélags Áslandsskóla og starfsmanna skólans lýtur að mörgum þáttum og má þar nefna skólafærinnámskeiði verðandi foreldra nemenda í 1. bekk á hvert, kaffisþjalli í öllum árgöngum, ýmsum forvarnarverkefnum og atburðum.

Stjórnendur skólans funda reglulega með stjórn foreldrafélags skólans auk þess sem tveir fulltrúa foreldra sitja í skólaráði Áslandsskóla.

## Gera góðan skóla betri

Mörgu hefur verið áorakað í Áslandsskóla á rúmum 10 árum í sögu skólans. Mörg krefjandi, spennandi og skemmtileg verkefni bíða okkar.

Við höldum áfram að bera hag og líðan nemenda okkar fyrir brjósti. Við leggjum okkur fram við það dag hvern að bæta skólastarfið.

Við eigum framundan vinnu við nýja skólanámskrá í tengslum við útgáfu nýrrar aðalnámskrár grunnskóla.

Við höldum áfram að vinna með allar dygðir. Við höldum áfram að efla hnattrænan skilning. Við höldum áfram að tengja námið og hugsunarhátt okkar við þjónustu við samfélagið. Við einbeitum okkur áfram að gera allt framúrskarandi vel.

Áslandsskóli hefur farið vel af stað fyrstu 10 árin. Í Áslandsskóla hafa unnist margir góðir sigrar en vissulega í einhverjum tilvikum verið erfitt úr verkefnum að leysa. Slíkum verkefnum hefur þó yfirleitt tekist að snúa og breyta erfiðri stöðu í bjartari tíð.

Samvinna starfsfólks og nemenda verður alltaf mikilvægasti þátturinn í skólastarfinu og samvinna heimilis og skóla mikilvægari en nokkru sinni fyrr.

Leggjum því öll okkar lóð á vogarskálarnar við að efla, styrkja og þróa Áslandsskóla til framtíðar.

Ég lít stoltur til baka yfir það starf sem unnið hefur verið hér í Áslandsskóla á liðnum 10 árum. Starf þar sem fjöldi nemenda, starfsmanna, foreldra og velunnara skólans hefur lagt á sig ómælda vinnu af metnaði, framsækni og dugnaði. Jafnframt hlakka ég til komandi verkefna og veit að skólasamfélagið í Áslandsskóla er samtaka um að gera góðan skóla betri.

*Kveðja úr Áslandsskóla*

**Leifur S. Garðarsson, skólastjóri**



Kríuási 1  
221 Hafnarfirði

Sími: 585 4600  
Bréfsími: 585 4610  
[www.aslandsskoli.is](http://www.aslandsskoli.is)  
[aslandsskoli@aslandsskoli.is](mailto:aslandsskoli@aslandsskoli.is)

**[www.aslandsskoli.is](http://www.aslandsskoli.is)**

**FLÓRGÓÐINN**

**Fréttablað Áslandsskóla**

Ábyrgð, hönnun, umbrot og skrif:

**Leifur S. Garðarsson**  
skólastjóri